



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 26. janúar 2026

FAS26010046

TILLAGA

Tillaga um nýjar reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki nýjar reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar sbr. tillögu að nýjum reglum.

Greinargerð

Á undanförnum mánuðum hefur staðið yfir heildarendurskoðun á reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tillaga að nýjum reglum er afrakstur þeirrar vinnu.

Með tillögu að nýjum reglum er lagt til að einfalda framsetningu og samræma reglur við gildandi verklag.

Virðingarfyllst,
Halldóra Káradóttir
Sviðsstjóri
Fjármála- og áhættustýring

Hjálagt:

Tillaga að nýjum reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar



Reykjavík

Reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg

1. Meginmarkmið

Grundvallarhlutverk A-hluta Reykjavíkurborgar er að veita íbúum Reykjavíkur góða þjónustu með sem hagkvæmustum hætti og leggja með skýrri framtíðarsýn í fjármálum grunn að auknum lífsgæðum borgarbúa til lengri og skemmri tíma. Fjármálastjórn Reykjavíkurborgar skal miða að sjálfbærni til lengri tíma lítið og tekur mið af útgefni fjármálastefnu borgarinnar. Í því felst að rekstur skili afgangi og borgarsjóður standi undir skuldum og skuldbindingum á hverjum tíma án þess að gengið sé á eignir eða þjónustu í samræmi við lögbundnar skyldur. Borgarstjórn leggur áherslu á skýra langtímasýn um sjálfbærni og varfærni í fjármálastjórn borgarinnar. Þannig verði tryggður stöðugleiki í fjármálum borgarinnar með kröfu um að útgjöldum til rekstrar og fjárfestinga verði hagað til langs tíma í takt við þróun megintekjustofna og framlegð í rekstri. Til að ná þessum langtíamarkmiðum er áhersla lögð á ábyrga ráðstöfun fjármuna, aðhald í rekstri og fjárfestingu í samfélagslegum innviðum, arðsömum verkefnum og auknum lífsgæðum borgarbúa. Borgarstjórn vill byggja upp festu, fyrirsjáanleika og gagnsæi í fjármálastjórn Reykjavíkurborgar. Markmið og megináherslur fjármálastefnunnar taka mið af áskorunum í rekstri og afkomu til að tryggja að meginmarkmið um sjálfbærni, stöðugleika, festu, varfærni og fyrirsjáanleika nái fram að ganga.

2. Reglur um gerð fjárhagsáætlunar

- Skulu taka mið af sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 og reglugerðum um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/202, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og af fjármálastefnu Reykjavíkurborgar.
- Fjármálastjórnin skal byggjast á árangursstjórnun en í því felst að við fjárhagsáætlunargerðina skulu sett skýr markmið um árangur og mælikvarðar til að meta hann.
- Fjármálastjórnin skal grundvölluð á rammastjórnun en í því felst að borgarstjórn ákveður heildarskiptingu fjármuna milli sviða (málaflokka) út frá heildrænni forgangs röðun sem tekur mið af fjármálastefnu Reykjavíkurborgar, fimm ára áætlun og svigrúmi borgarsjóðs við úthlutun fjárhagsramma.
- Forgangs röðun fjárheimilda skal taka mið af af hlutverki borgarinnar, lögbundnum skyldum og stefnumörkun borgarstjórnar.
- Fjárheimildir eru bindandi og skal fjárhagsáætlun unnin þannig að ekki þurfi að breyta henni á rekstrarárinu.
- Fjárhagsáætlanagerð skal byggð á aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar með það að markmiði að henni verði beitt heildstætt við undirbúning fjárhagsáætlunar.
- Fimm ára áætlun skal endurspegla samþykktu stefnumótun borgarstjórnar í hverjum málaflokki.

3. Ábyrgð og verkaskipting

- Borgarstjórn fer með æðstu yfirstjórn á fjármálum borgarinnar, stofnana hennar og fyrirtækja. Borgarstjórn felur borgarráði og borgarstjóra ábyrgð á daglegum rekstri borgarinnar.
- Borgarráð staðfestir tekjuforsendur og úthlutar fjárhagsrömmum.
- Fagråd hefur það meginhlutverk að undirbúa stefnumótun og forgangsraða verkefnum innan fjárheimilda í samræmi við áherslur borgarstjórnar í málaflokknum. Fagråd fer með eftirlit með rekstri málaflokksins. Sviðsstjórar leggja fram uppgjör og greinargerðir fyrir fagråd með reglulegu millibili. Komi í ljós frávik skal fagråd fela sviðsstjóra að bregðast við.
- Borgarstjóri ber ábyrgð á gerð frumvarps að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun í samræmi við lög og samþykktir Reykjavíkurborgar. Borgarstjóri leggur fram frumvörp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun í borgarráði. Borgarstjóri og aðrir stjórnendur í umboði hans bera ábyrgð á daglegum rekstri borgarinnar.
- Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs fer með undirbúning frumvarpa að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun og hefur yfirumsjón með fjármálastjórnun Reykjavíkurborgar, þ.m.t. fjárhagsáætlunargerð. Sviðsstjóri fjármála- og

áhættustýringarsviðs leggur fram í borgarráði verk- og tímaáætlanir um undirbúning fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar.

- Sviðsstjórar og skrifstofustjórar í miðlægri stjórnsýslu skulu gera drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlun sem rúmast innan fjárhagsramma og gera ráð fyrir svigrúmi til að mæta ófyrirséðum kostnaði sem gæti fallið til á fjárhagsárinu.
- Sviðsstjórar, skrifstofustjórar og stjórnendur starfsstaða bera ábyrgð á að rekstur sé innan samþykktra fjárheimilda.

4. Undirbúningur og gerð fjárhagsáætlunar

- Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri borgarsjóðs og fyrirtækja borgarinnar, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir. Rekstur sviða og stofnana skal miða við að ýrustu kostnaðarhagkvæmni sé gætt.
- Við undirbúning fjárhagsáætlunar er lagt mat á útgjaldasvigrúm borgarinnar sem tekur mið af nýjustu spám um efnahagsumhverfi, fjármálastefnu Reykjavíkurborgar, gildandi fimm ára áætlun og stöðu borgarsjóðs hverju sinni.
- Rammaúthlutun tekur mið af metnu útgjaldasvigrúmi borgarsjóðs og heildrænni forgangsroðun. Við forgangsroðun er m.a. litið til úthlutunarlíkana sem byggja á lögbundnum skyldum, metinni þörf og forsendum um þjónustustig.
- Tekið er frá fjármagn miðlægt til að mæta breytingum sem kunna að verða á forsendum fjárhagsáætlunar eða meiriháttar ófyrirsjáanlegum og óhjákvæmilegum áföllum í rekstri. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni til að mæta einstökum áskorunum sviða í rekstri. Tekur verklag við gerð viðauka mið af því.
- Svið skulu skapa svigrúm til að mæta ófyrirséðum útgjöldum innan úthlutaðra fjárheimilda.
- Viðbótarfjárheimildir verða ekki veittar til rekstrar nema í undantekningartilvikum.
- Fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun eru mikilvægustu stjórnþæki borgarstjórnar til að ná fram markmiðum sínum.

5. Framkvæmd fjárhagsáætlunar

- Í byrjun hvers árs er lögð fram í borgarráði tíma- og verkáætlun A og B-hluta vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar hvers ár. Í þeirri áætlun eru öll skilagögn útlistuð ásamt tímafrestum. Eftir að tíma- og verkáætlun hefur verið samþykkt í borgarráði þá er hún send formönnum ráða, sviðsstjórum og fjármálastjórum og forsvarsmönnum B-hluta fyrirtækja til upplýsinga ásamt þeim fyrirmælum sem nauðsynleg þykja hverju sinni frá fjármála- og áhættustýringarsviði við gerð fjárhagsáætlunar.
- Rammastjórnun felur í sér að að rekstur sviða sé innan fjárhagsramma og innan samþykktra fjárheimilda.
- Sviðsstjórar og stjórnendur stofnana bera ábyrgð á að rekstur sviða sé innan fjárhagsramma, þ.e. samþykktra fjárheimilda. Sviðsstjórar og stjórnendur stofnana skulu haga rekstri á sem hagkvæmastan hátt og í samræmi við samþykktu fjárhags- og starfsáætlun, setta árangurmælikvarða og stefnumörkun fagraða um þjónustu á sviðinu.
- Sviðsstjórar og stjórnendur stofnana skulu fylgjast með tækifærum til umbóta í rekstri og hafa frumkvæði að því að innleiða þau til að bæta þjónustu, auka skilvirkni, stuðla að jafnræði og lækka kostnað.
- Komi til þess innan fjárhagsársins að nauðsynlegt þykir að gera breytingu á fjárhagsáætlun vegna ófyrirséðra aðstæðna eða nýrra verkefna þá skal slíkri tillögu fylgja greinargerð sem m.a. varpar ljósi á áhrif tillögunnar á kynin og þá hópa sem mannréttindastefna borgarinnar tekur til. Í greiningunni skal huga bæði að hagsmunum notenda þjónustu og þeirra sem veita hana nema í þeim undantekninga tilvikum þar sem slíkt mat á ekki við.
- Verði verulegar breytingar á rekstrarforsendum A-hluta innan ársins skal sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs meta heildaráhrif á rekstrarniðurstöðu borgarinnar á grundvelli kostnaðarmats sviða eða sérfræðiskrifstofa og kynna borgarstjóra.
- Borgarstjóri getur falið sviðsstjórum og sérfræðingum að gera tillögur til sín um hvernig hægt er að bregðast við breyttum rekstrarforsendum. Borgarstjóri leggur fram í borgarráði tillögu um breytingu á fjárhagsáætlun ef þurfa þykir.
- Verði ófyrirséðar breytingar á rekstrarforsendum sviðs innan rekstrarársins skal sviðsstjóri leita leiða til að mæta þeim kostnaði innan samþykktu fjárhagsramma.
- Sviðsstjórum er heimilt að færa fjárheimildir milli skipulagseininga innan sama málaflokks eins og hann er skilgreindur í reikningsskilareglum sveitarfélaga enda samræmist það stefnumörkun í málaflokknum og lögum. Frekari tilfærslur fjárheimilda þarf að bera undir borgarstjórn.
- Sviðsstjórum er heimilt í samráði við sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs að færa fjárheimildir skilgreindra safnið (endurúthlutun) til undirstofnana, enda samræmist það stefnumörkun í málaflokknum og lögum.

6. Eftirlit og árangursmiðuð fjármálastjórn

- Borgarráð hefur eftirlit með stjórnarsýslu og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar. Í því felst að borgarráð hefur eftirlit með að rekstur borgarsjóðs og einstakra sviða sé innan fjárheimilda og í samræmi við heildræna forgangsörðun á grundvelli skýrslna og árangursmælinga. Borgarráð metur hvenær tilefni er til að grípa til sérstakra ráðstafana.
- Fagráð hafa eftirlit með rekstri fagsviða. Í því felst að fagráð hafa eftirlit með að rekstur sviða sé innan fjárheimilda og í samræmi við markaða stefnu og starfsáætlun. Formenn fagráða og sviðsstjórar kynna í fagráðum mánaðar-, árshluta- og ársuppgjör ásamt helstu lykiltölum og hvernig til tókst að ná þeim árangri sem stefnt var að í starfsáætlun.
- Borgarstjóri og aðrir stjórnendur í umboði hans bera ábyrgð á uppbyggingu innra eftirlits og þar með gagnvart gerð fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar.
- Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs skal fylgja eftir fjárhagsáætlun með reglubundnum reikningsskilum og frávikagreiningu og tekur saman og kynnir fyrir borgarstjóra og borgarráði rekstrarupplýsingar og frávikagreiningar með reglubundnum reikningsskilum. Þegar árshlutauppgjör og rekstrarniðurstaða ársins liggja fyrir gerir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs borgarráði grein fyrir rekstri, fjárfestingum og frávikum frá áætlun.
- Sviðsstjórar og stjórnendur stofnana skulu reglubundið fylgjast með rekstri. Sviðsstjórum og stjórnendum stofnana ber að bregðast við frávikum sem birtast í mánaðarlegum skýrslum með viðeigandi hætti með það að markmiði að halda rekstrinum innan samþykktra fjárheimilda og í samræmi við markmið og áherslur í starfsáætlun ársins.
- Sviðsstjórar skulu í ársfjórðungsskýrslum fara yfir sett markmið um fjármál og þjónustu og gera grein fyrir með birtum mælingum hvernig til hefur tekist. Sviðsstjórar skulu beita lykiltölugreiningu í rekstri eftir því sem við á og leita tækifæra til umbóta á rekstri og bæta þjónustu, auka skilvirkni, stuðla að jafnræði og lækka kostnað.
- Innri endurskoðandi ber ábyrgð á innri endurskoðun innan A- hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar í umboði borgarráðs. Í því felst m.a. annars að innri endurskoðandi fer með eftirlits- og vöktunarhlutverk í umboði borgarráðs þar með talið gagnvart fylgni við reglur um gerð fjárhagsáætlunar.

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs hefur heimild til að setja nánari verklagsreglur um framkvæmd einstakra atriða í reglum þessum.

Samþykkt í borgarráði, xx.xxx 2026.

Viðauki 1: Nánar um ábyrgð og verkaskiptingu:

Borgarstjórn

- Ræðir frumvarp að fjárhags- og starfsáætlun við tvær umræður og afgreiðir.
- Ræðir frumvarp að fimm ára áætlun við tvær umræður og afgreiðir.
- Afgreiðir tillögur um álagningarhlutfall útsvars, álagningarhlutfall fasteignaskatta og lóðarleigu, gjalddaga fasteignagjalda, afslætti elli- og örorkulífeyrisþega frá fasteignagjöldum.
- Afgreiðir tillögur að gjaldskrá.

Borgarráð

- Afgreiðir reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar.
- Ræðir og vísar frumvarpi að fjárhagsáætlun til fyrri umræðu í borgarstjórn og fjallar um breytingartillögur við það milli umræðna í borgarstjórn.
- Ræðir og vísar frumvarpi að fimm ára áætlun til fyrri umræðu í borgarstjórn og fjallar um breytingartillögur við það milli umræðna í borgarstjórn.
-
- Afgreiðir starfsáætlanir.

Borgarstjóri

- Ber stjórnsýslulega ábyrgð á undirbúningi fjárhagsáætlunar.
- Ber stjórnsýslulega ábyrgð á undirbúningi fimm ára áætlunar um rekstur, framkvæmdir og fjármál.
- Leggur fyrir borgarráð tillögur að reglum um fjárhagsáætlun.
- Leggur fyrir borgarráð frumvarp að fjárhagsáætlun.
- Leggur fyrir borgarráð frumvarp að fimm ára áætlun.
- Leggur fyrir borgarráð tillögur að gjaldskrá, fasteignagjöldum og útsvari.

Fagráð

- Hefur það meginhlutverk að undirbúa stefnumótun og helstu áherslur borgarstjórnar í málaflokknum.
- Fagráð staðfestir að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir fagráðs um áherslur og forgangs röðun og markaða stefnu í málaflokknum.
- Fagráð hefur eftirlit með því að rekstur sviðsins sé í samræmi við markaða stefnu, fjárhagsáætlun og starfsáætlun. Sviðsstjóri leggur reglubundið fyrir fagráð upplýsingar um rekstur sviðsins. Fagráð getur kallað eftir viðbótarupplýsingum eftir því sem með þarf.

Sviðsstjóri

- Skoðar rekstrarforsendur næsta árs á grundvelli fimm ára áætlunar og metur hvort tilefni sé til að gera tillögur til borgarstjóra um breytingar.
- Gerir drög að fjárhagsáætlun m.v. forsendur fjármála- og áhættustýringarsviðs um áætlað verðlag, launakjör, gjaldskrár og stefnumótun fagráða í samstarfi við skrifstofu áætlana- og hagnála.
- Kynnir fyrir fagráði tillögur að drögum að frumvarpi að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun, ásamt starfsáætlun.
- Kynnir frumvarp að fjárhagsáætlun sviðs og starfsáætlun sviðsins í borgarráði ásamt formanni fagráðs.
- Ber ábyrgð á að rekstur sviðsins sé innan fjárheimilda og í samræmi við markaða stefnu og samþykktu starfsáætlun og gerir grein fyrir rekstrarstöðu sviðsins eftir árshlutauppgjör í fagráði og borgarráði.

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

- Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs fer með undirbúning frumvarpa að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun.
- Hefur yfirumsjón með fjármálum, áhættustýringu, fjárhagsáætlunargerð, bókhaldi, fjárstýringu, innheimtum, útboðsferlum, innkaupastjórnun og reikningssskilum Reykjavíkurborgar.
- Hefur eftirlit með að rekstur sviða sé í samræmi við samþykktu fjármálastefnu og fjárhags- og starfsáætlun.
- Ber ábyrgð á að taka saman og kynna með reglubundnum hætti rekstrarupplýsingar og frávikagreiningar.

